

Reykjavík 28. ágúst 2020

Varðar vararafstöð fyrir fjarskipti við Hestgerði undir Borgarhafnarfjalli

Reynslan hefur sýnt að vegna truflana á rafveitu svo sem vegna óveðurs þá er nauðsynlegt að byggja upp öflugt varaafli fyrir aflfæðingu fjarskiptabúnaðar. Nýleg dæmi sýna að bæta þarf varaflíð enn frekar á nokkrum stöðum til að það verði viðunandi. Hafa fjarskiptafyrirtæki greint ástand varaafis með fleiri aðilum og komist að samkomulagi um að það verði bætt á tilteknum stöðum.

Íslenska ríkið hefur ákveðið að veita fjármagni til verkefnisins og falið Öryggisfjarskiptum ehf. framkvæmd þess, eftir atvikum í samstarfi við fjarskiptafélögin.

Markmið er annars vegar að tryggja virkni grunnneta fjarskipta og hins vegar farsímaþjónustu, útvarpsendinga sem og neyðar- og öryggisfjarskipti í rafmagnsleysi.

Verkefnið felst í setja upp nýjar vararafstöðvar, stækka núverandi rafstöðvar, tengja við rafstöðvar annarra, bæta við eða endurnýja rafgeyma, setja upp tengla fyrir færanlegar rafstöðvar, setja upp möstur til samnýtingar sendastaða með vararafstöð og fleiri tengd verkefni.

Á Borgarhafnarfjalli nærri Hestgerði er fjarskiptastöð sem farsímafélög, útvarpsstöðvar og Neyðarlínan nota til að þjónusta stór haf- og landssvæði. Raflögn að fjarskiptastöðinni er frá spennu Rarik neðan við fjallið og er lágspenna þaðan og upp á fjallið.

Það er öruggara að staðsetja rafstöðin á láglandi við spenninn, frekar enn upp á fjallinu, þar sem þá er hægt að komast að henni til að þjónusta hana og fylla á eldsneyti þegar vá steðjar að og veður hamla ferðum á fjallið.


Um er að ræða rafstöð sem er sett í forsmíða 7,6 m² smáhýsi og flutt í heilu lagi á notkunarstað. Teikning af smáhýsinu fylgir með. Hægt er að fjarlægja smáhýsið hvenær sem er. Öryggisfjarskipti annast rekstur vararafstöðvarinnar að lokinni uppsetningu.

Hér með er óskað leyfis sveitarfélagsins til að staðsetja vararafstöðina við hlið spennisins, eins og sýnt er á korti hér með. Eigandi jarðarinnar sem vararafstöðin yrði á, Björn Ísleifur Björnsson í Hestgerði, hefur þegar gefið sitt leyfi.

Öryggisfjarskipti er félag í 75% eigu ríkisins og 25% í eigu Neyðarlínu sem er jafnframt þátttakandi í verkefninu.

Fyrir hönd Öryggisfjarskipta,


Magnús Hauksson
magnus@112.is
+354-8635958



Staðsetning spennis



Smáhýsi fyrir rafstöð



Staðsetning spennis